

**Fundargerð fundar samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
Félags stjórnenda leikskóla**

12. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla var haldinn fimmtudaginn 26. október 2017 og hófst hann kl. 13:30. Fundinn sátu af hálfu FSL, Sigurður Sigurjónsson, Sigrún Hulda Jónsdóttir og Anna Karen Ásgeirsdóttir. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Inga Rún Ólafsdóttir, Atli Atlason, Margrét Sigurðardóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Breytingar á kjarasamningi Félags stjórnenda leikskóla.**

Frá 1. nóvember 2017 hljóðar grein 10.4 svo:

10.4.1 Hafi leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri framhaldsmenntun á háskólastigi sem tengist starfi hækkar röðun hans um tvo launaflokka fyrir hverjar 60 ECTS einingar, með þeirri undantekningu að meistaraþróf gefur 6 launaflokka. Þó skal enginn fá fleiri en 6 launaflokka á grundvelli þessarar málsgreinar, þ.m.t. meistaraþróf.

Hafi starfsmaður, auk leikskólakennaramenntunar, Bed/BA/BS próf í öðrum greinum en leikskólafræðum, raðast hann tveimur launaflokkum hærra en ella.

Hafi starfsmaður meistaraþróf raðast hann sex launaflokkum hærra en starfsmaður með Bed/BA/BS próf.

Hafi starfsmaður doktorsþróf raðast hann sex launaflokkum hærra en starfsmaður með meistaraþróf.

*Eftir að lög um háskóla nr. 63/2006 tóku gildi var einingakerfi háskólastigsins breytt og eru allar einingar jafngildar ECTS einingum (European Credit Transfer System). Þetta þýddi að einingafjöldi einstakra námskeiða skv. fyrra einingakerfi háskóla var tvöfaldaður, þ.e. námskeið sem áður var metið til 3 eininga var með breytingunni metið til 6 ECTS-eininga o.s.frv. Sbr. 6.gr. laga nr. 63/2006 svara 60 námseiningar (ECTS) til fulls náms á ársgrundvelli. Við endurskoðun kjarasamnings árið 2011 var fjöldi eininga breytt til samræmingar við breytt einingakerfi háskólastigsins*

*Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið.*

#### 10.4.2 Viðbótarlaunaflokkar sérfræðinga á skólaskrifstofu vegna prófa.

Hafi sérfræðingur á skólaskrifstofu lokið formlegu 60 ECTS eininga prófi (diplóma) á háskólastigi, sem tengist starfi, hækkar hann um tvo launaflokka. Viðbótarmenntun vegna diplómaprófs samkvæmt ofangreindu er mest metin til tveggja launaflokka.

Hafi sérfræðingur á skólaskrifstofu lokið meistaraprófi á háskólastigi, sem tengist starfi, hækkar hann um fjóra launaflokka til viðbótar.

Viðbótarmenntun vegna diplóma og meistaraprófs er mest metin til sex launaflokka. Einingar eru aldrei tvítaldir.

Hafi sérfræðingur á skólaskrifstofu lokið doktorsprófi, sem tengist starfi, hækkar hann um sex launaflokka til viðbótar.

*Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið.*

Frá 1. nóvember 2017 bætist við ný grein 1.4.7 og hljóðar hún svo:

#### 1.4.7. Viðbótarlaunaflokkar vegna starfsreynslu sérfræðinga á skólaskrifstofu.

Hafi sérfræðingur á skólaskrifstofu 5 ára starfsreynslu sem sérfræðingur á skólaskrifstofu og/eða reynslu sem stjórnandi í grunn-, leik-, eða framhaldsskóla hjá ríki eða sveitarfélagi raðast hann tveimur launaflokkum hærra en ella væri. Eftir 10 ára starfsreynslu sem sérfræðingur á skólaskrifstofu og/eða stjórnandi í grunn-, leik-, eða framhaldsskóla hjá ríki eða sveitarfélagi bætast tveir launaflokkar við. Eftir 15 ára starfsreynslu sem sérfræðingur á skólaskrifstofu og/eða reynslu sem stjórnandi í grunn-, leik-, eða framhaldsskóla hjá ríki eða sveitarfélagi bætast tveir launaflokkar við.

*Hækkun samkvæmt grein 1.4.7. getur mest numið 6 launaflokkum og skal hækkun taka gildi næstu mánaðarmót eftir að starfsmaður skilar staðfestum gögnum frá fyrri vinnuveitendum um starfreynslu sína.*

Ofangreindar breytingar taka gildi frá og með 1. nóvember 2017. Þrátt fyrir ofangreint munu þessar breytingar ekki leiða til lækkunar launa hjá sérfræðingum á skólaskrifstofu sem eru í starfi þann 1. nóvember 2017.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:45.